

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum  
um kirkjuþing unga fólksins nr. 952/2029 með síðari breytingu.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. starfsreglnanna:

2. mgr. breytist og hljóðar svo:

Fulltrúar skulu vera á aldursbilinu 14 til 35 ára, skráðir í þjóðkirkjuna og starfandi og/eða búsettir í því kjördæmi sem þeir sitja fyrir. Svæðisstjórar bera ábyrgð á tilnefningum og vali fulltrúa til kirkjuþings unga fólksins í samráði við sóknarpresta, presta, djákna, æskulýðsfulltrúa og aðra sem bera ábyrgð á kirkjustarfi í hverju prófastsdæmi. Í þeim prófastdæmum þar sem að svæðisstjóri er ekki starfandi skal prófastur annan tilnefningar. Hafa allir fyrrnefndir aðilar rétt til að tilnefna fulltrúa á kirkjuþing unga fólksins og skal senda svæðisstjóra þær tilnefningar. Biskup tilkynnir öllum sem að framan greinir um rétt þeirra til að tilnefna fulltrúa. Svæðisstjóri tilkynnir valda fulltrúa til verkefnisstjóra kirkjuþings unga fólksins.

2. gr.

3. mgr. breytist og hljóðar svo:

Komi ekki tilnefningar úr héraði a.m.k. sex vikum fyrir þingdag frá svæðisstjórum skal vísa tilnefningunum til verkefnisstjóra kirkjuþings unga fólksins.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 78/1997, öðlast gildi við birtingu.

*Samþykkt á kirkjuþingi 30. október 2023 og birt á opnum vef kirkjunnar 16. nóvember 2023.*

**Drífa Hjartardóttir** forseti kirkjuþings.